



## Fundargerð stjórnarfundar nr. 24.

Fundur stjórnar Norðurár bs. haldinn á Kaffihúsinu Bjarmanesi á Skagaströnd  
miðvikudaginn 14. apríl 2010 kl:15:00

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson áheyrnarfulltrúi FE. Einnig voru á fundinum Gunnar Svavarsson og Jón Skúli Indriðason frá Verfræðistofunni Eflu.

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Útboð framkvæmda á urðunarstað.
3. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum þann 15. mars lögð formlega fram og samþykkt.

#### 2. Útboð framkvæmda á urðunarstað.

Gunnar og Jón Skúli lögðu fram drög að lýsingu og framkvæmd á vinnu við gerð nýs urðunarstaðar. Ákveðið var að bjóða út saman gerð urðunarhólfsins með tilheyrandi lögnum og frágangi ásamt vinnu við aðstöðuplan. Inni í vinnunni við planið er einnig niðurstetning og frágangur á frárennsliskerfi ásamt lagningu ídráttar röra fyrir rafmang, vatn og fleira að og innan svæðis.

Þeir þættir sem ekki verða boðnir út í fyrsta hluta og unnið verður áfram að útfærslu á eru aðstöðuhús, kaup og niðurstetning á vog ásamt ýmsum öðrum frágangi.

Farið var ítarlega yfir fyrirliggjandi göng og nauðsynlegar athugasemdir og útfærslur ræddar og útfærðar.

Ákveðið að auglýsa verkið sem allra fyrst og opna á afhendingu gagna til verktaka þann 20. apríl og opna síðan útboðin 6. maí á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Ætlunin er að framkvæmdir hefjist 1. júní og áætlað er að þeim ljúki og að staðurinn verði tilbúinn til notkunar 1. nóvember 2010. Ástæða þess að áætlað er að taka staðinn seinna í notkun en áður var búið að áætla er stærð verksins en lenging á vinnslutíma gefur fleiri verktökum tækifæri á að bjóða í verkið og dregur úr hættu á að fyrirséður tímaskortur valdi hærri einingaverðum.



**3. Önnur mál**

Deiliskipulag af svæðinu er komið í lögbundinn auglýsingaferill og áætlað er að Skipulagsstofnun skili niðurstöðu um umhverfismatið þann 23. apríl næstkomandi.

Fundi slitið kl. 18:15

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson